



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu í Hallgrímskirkju
í tilefni af
200 ára afmæli
Hins íslenska Biblíufélags
29. ágúst 2015**

Biskup Íslands
Biskupar; prestar
Virðulegu hátíðargestir

Í höfuðkirkju sem helguð er lífi og skáldskap séra Hallgríms, við hörpuslátt og sellótóna, hljóma orgelsins sem fært hefur listina í hæstu hæðir komum við saman til að minnast þeirra sem stofnuðu félag í fátæku þorpi, að lokinni messu í guðshúsi sem landsmenn kusu að nefna Dómkirkju þótt það tignarheiti styngi í stúf við hrörleg timburhúsin, torfkofa, moldargötur og opin ræsi.

Þorpið varð í fyllingu tímans að blómlegri borg, iðandi vettvangi mannlífs, menningar og lista, fundarstaður leiðtoga heimsins, margfræg vítt um veröldina. En sú sýn var fjarri hinum fámenna hópi; kannski líkust álfheimum hefði einhver reynt að beina hugum þeirra að slíkri þróun.

Það er á svipaðan hátt okkur framandi að skilja til fulls hve fátæklegur, hrörlegur, jafnvel dapur bragur var á reykvíska þorpinu þegar Hið íslenska Biblíufélag var stofnsett fyrir tvö hundruð árum; nafnið enn metnaðarfyllra í ljósi vanefnanna allt í kring og hve dimmar horfurnar voru.

Skólinn hafði nokkru áður verið fluttur vegna niðurníðslu frá Hólavöllum til Bessastaða og þótt sagan hafi síðar varpað ljóma á lærdómssveitina sem þar sat næstu áratugi var slíkur bjarmi andans enn hulinn móðu óvissu og erfiðleika; Sveinbjörn Egilsson við nám í Kaupmannahöfn, búningur hans á helgum textum og Heims um ból enn í

húfu guðs; Jónas Hallgrímsson fönðaði við legg og skel heima á Hrauni og Jón Sigurðsson lítill snáði á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Vegferð hinnar fátæku, fámennu þjóðar við nyrsta haf til sjálfstæðis og fjölþættrar, blómlegrar menningar þá algjörlega framandi öllum þeim sem landið byggðu; án fótfestu í hugum þeirra.

Samt sótti sveitin sem stofnaði Hið íslenska Biblíufélag metnað og styrk í hugsjónina um að efla sess hinnar helgu bókar með útgáfum hennar á íslensku, óf í heildarsýn arfleifð og tign tungumálsins, boðskap kristinnar og frásagnir beggja testamenta, sem og gildi trúar sem var svo samofin sögu og menningu Íslendinga að ekki verður sundur slitið.

Það gleymist oft í orðræðu okkar tíma, þegar krafist er að kristnum textum sé ýtt til hliðar í skólum landsins og við uppeldi æskunnar, að menning og vegferð Íslendinga frá landnáms tíð til þessarar nýju aldar, rösk þúsund ár í sögu þjóðar, verða ekki skilin til hlítar án þekkingar á kristnum fræðum; frásagnir Biblíunnar, sess og þróun kirkjunnar, störf presta í byggðum landsins séu öllum kunn og að verðleikum metin; að viðurkennt sé af heilum huga að hin helga bók og trúarskálðskapur Íslendinga sjálfra eru burðarstoðir í sjálfsvitund þjóðarinnar, í samfelldri sögu okkar og í nýsköpun bókmennta, lista og samfélags á okkar tímum.

Sá sannleikur birtist okkur í mörgum myndum: Í sálmi Kolbeins Tumasonar sem átta öldum síðar er öðrum oftast sunginn við jarðarfarir; í mannanöfnum sem Hornstrendingar og íbúar Jökulfjarða sóttu löngum í Gamla testamentið; í lærdómssögu Hóla og Skálholts og þátttöku prestanna í sjálfstæðisbaráttu nítjándu aldar; í áhrifamætti kirkjunnar við að móta samfélagsvitund, samtakamátt og félagsþroska á tímum hins unga lýðveldis; í störfum kirkju sem nú velur presta og biskupa á grundvelli lýðræðisvilja fólksins sjálfs.

Þessi sannleikur birtist okkur líka í nýsköpun bókmennta og lista, í trúarstefum óperunnar sem poppari blómatímans færði okkur sem fullþroskað tónskáld, í nýrri útgáfu Passíusálma sem byltingarsinni úr röðum 68-kynslóðarinnar klæddi sem lærdómsmaður í búning öndvegisrits; í málverkunum sem nú prýða Hallgrímskirkju og í flutningi Mótettukórsins á Salómon fyrir í ágúst; Biblían, Händel og hin unga kynslóð í íslensku tónlistarlífi urðu eitt í einstæðum flutningi; þúsund ára trú, texti og saga í tignarstól æðri lista.

Kraftar hins íslenska Biblíufélags beindust í öndverðu og jafnan síðan að útgáfu hinnar helgu bókar á tungu fámennrar þjóðar, ekki aðeins í nafni kristinnar heldur einnig til að efla vegsemd og þroska Íslendinga, gera bændum og sjómönnum kleift að verða þjóð meðal þjóða.

Að tveimur öldum liðnum þökkum við stofnendunum og öllum þeim sem helgað hafa Biblíufélaginu krafta sína, þökkum fyrir framlag til menningar og helgihalds Íslendinga; heiðrum félagið sem orðið hefur hið elsta meðal okkar og sækjum í sögu þess vegvísa um dýpri skilning á arfleifð þeirra sem skópu það Ísland sem við nú njótum, ættjörð sem áfram getur boðið börnum sínum andlegan þroska og gjöfult líf.